

# DREKASKÁTAMÓT 2023

## ANNAÐ UPPLÝSINGABRÉF MÓTSTJÓRNAR



Kæri dagskrárforingi / drekaskátaforingi / félagsforingi

Nú stýttist óðum í Drekaskátamót, við erum orðin ótrúlega spennt og við hlökkum til að sjá alla drekaskátana á Úlfjótssvatni dagana 2.-4. júní. Á mótinu verður diskó þema og við hvetjum alla skáta til þess að koma í búning og taka virkan þátt í þemanu.

Skráning er opin á [skraning.skatarnir.is](http://skraning.skatarnir.is) en skráningarfræstur er til og með 4. maí. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir skipulag mótsins að fá þátttökutölur tímanlega og því hvetjum við öll félög að smala sínum þátttakendum til að skrá sig.

Til að hvetja félögin enn frekar hefur mótstjórn ákveðið að fyrsta félag til að ná 10 skráningum fær að velja reit á mótssvæðinu sem verður tekinn frá fyrir þau til þess að vera á mótinu sjálfu.

Þáttökugjald er 9.000,- og innifalið í því er öll dagskrá og sameiginleg kvöldmáltíð á föstudegi og laugardegi. Hvert félag fær frían foringja fyrir hverja 10 krakka sem skrá sig á vegum félagsins. Kostnaður fyrir aðra foringja eru 5.000,- krónur. Vilji eitthvert félag innheimta mótsgjald og sameiginlegan kostnað hjá sér og greiða áfram til okkar er það hægt og beinir félagið þá þátttakendum á skráningu í sínu Sportabler og láta Skátamiðstöð vita af því svo þau geti sótt þátttakendalistann að skráningarfræsti liðnum.

Til að skrá foringja skal hafa samband við Skátamiðstöð eða senda okkur nafn foringja á [drekaskatamot@skatarnir.is](mailto:drekaskatamot@skatarnir.is). Þá skal tilgreina einn fararstjóra með sama hætti, þegar það er gert fær viðkomandi aðgang að skráningu síns félags.

Fleiri hagnýtar upplýsingar:

1. Tjaldsvæði mótsins er á Hvítasunnuföt, við biðjum fólk að halda bílaumferð um svæðið í lágmarki. Þau félög sem vilja vera saman á flöt get sent línu á [drekaskatamot@skatarnir.is](mailto:drekaskatamot@skatarnir.is) og beðið um að vera með sínu vinafélagi í dagskrá og á tjaldflöt.



2. Félagið þarf að koma með sitt eigið matartjald.
3. Í boði er fyrir foringja að mæta á fimtudagskvöldinu til að setja upp matartjöld ef þess er óskað.
4. Félögin sjá um að skipuleggja hvernig skátarnir komast á mótið og hvernig mat og öðru er háttað innan félagsins, fyrir utan sameiginlegu máltíðina á laugardagskvöldið.
5. Dagskrá mótsins er í á næstu blaðsíðu, hún er gefin út með fyrirvara um breytingar.



| TÍMI  | FÖSTUDAGUR               | LAUGARDAGUR             | SUNNUDAGUR          |
|-------|--------------------------|-------------------------|---------------------|
| 08:00 |                          | RÆS!.... og morgunmatur |                     |
| 09:00 |                          |                         |                     |
| 09:30 |                          | Dagskrábil 1            | Dagskrábil 3        |
| 11:30 |                          | Hádegismatur            |                     |
| 13:30 |                          |                         | Slit                |
| 14:00 |                          | Dagskrábil 2            | Tiltekt og brottför |
| 15:00 |                          |                         |                     |
| 15:30 |                          | Kaffi                   |                     |
| 16:00 |                          |                         |                     |
| 16:30 | Mæting, slá upp tjaldbúð | Opin dagskrá            |                     |
| 18:30 | Kvöldmatur               |                         |                     |
| 20:00 | Setning (Kvöldvaka)      | Kvöldvaka               |                     |
| 21:00 | Kakó og kex              | Næturleikur             |                     |
| 22:00 | Ró                       | Kakó og kex             |                     |
| 22:30 |                          |                         |                     |
| 23:00 | Kyrrð                    | Ró                      |                     |
| 23:30 |                          | Kyrrð                   |                     |
| 00:00 |                          |                         |                     |

